

## Fundur í stjórn Prentsöguseturs 24. október 2015

*Mættir: Haukur Már Haraldsson, Svanur Jóhannesson, Heimir Br. Jóhannsson, Þórleifur Friðriksson og Þóra Elfa Björnsson. Fundurinn var haldinn á heimili Heimis.*

- 1) Formaður setti fundinn. Engar athugasemdir komu fram um síðustu fundargerð sem hafði verið send áður á stjórnarmenn.
- 2) Formaður sagði frá tveimur prentsmiðjuheimsóknum sem hann og Þóra Elfa höfðu farið í. Í Prentval voru skoðuð setningartæki og fleira og í Bókamiðstöðinni var mjög margt að sjá en þar eru margir hlutir frá eldri tíma og sumir hreint ótrúlegir. Nokkrar umræður urðu um varðveislu og fleira í því sambandi.
- 3) Þá hóf formaður máls á að tímabært væri að koma sér saman um heimspeki og stefnu setursins. Að velta fyrir sér hvað eigi að vera í setrinu, hvað sé verið að kynna, fyrir hverjum, af hverju og hver sé stefnan. Varð af þessu nokkur umræða um ýmis atriði varðandi samsetningu og markmiðs sýningar af þessu tagi. Var samþykkt að stofna hóp til þess að grúska betur í þessu og móta hugmyndir og stakk Haukur upp á að fyrir hönd stjórnar sæti Þórleifur í hópnum. Þá stakk Þóra Elfa upp á að talað yrði við Katrínu Jónsdóttur prentsmið og Málfríði Finnbogadóttur um að taka sæti í hópnum en Málfríður sat áður í sambærilegum hópi þegar stofna átti prentminjasetur á Hólum. Fleiri einstaklingar gætu komið til greina en ákveðið var að setja í hendur hópsins að finna út hvort slíkt væri nauðsyn. Var þetta samþykkt.
- 4) Heimir sagðist hafa mikinn áhuga á að koma sínum munum sem fyrst í geymslu. Svanur sagði að þeir sem stæðu að Gónhóli hefðu fest kaup á viðbótarhúsnæði á Eyrarbakka (verksmiðja Alpan) og að þar væri hægt að koma hlutum til geymslu. Minnt var á að skrásetja þyrfti alla hluti frá Heimi og sögu þeirra um leið. Einnig kom fram að nauðsynlegt væri að taka kvikmynd af Bókamiðstöð Heimis og kom þá upp hugmynd um að fá nemendur Tækniskólans í það verk.
- 5) Staðan á vefsíðunni. Haukur sagði að nýjasta hugmynd Páls að útliti væri býsna góð. Páll væri tilbúinn að vinna áfram að síðunni án greiðslu, einnig að halda námskeið fyrir stjórnarmenn í Wordpress. Samþykkt að Páll sé útnefndur vefstjóri og að hann sitji stjórnarfundi þegar tilefni er til.
- 6) Önnur mál. Svanur las uppkast að bréfi sem hann er að skrifa til Uppbyggingarsjóðs Suðurlands vegna styrkumsóknar og voru einstök atriði rædd og bréfinu fagnað.

Ritari: ÞEB